

STJÓRNARTÍÐINDI B 39 — 1986

29. ágúst 1986

821

Nr. 383

REGLUGERÐ

um sérstakt togveiðisvæði í Héraðsflóa.

1. gr.

Prátt fyrir ákvæði B. liðar 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, er öllum skipum heimilt að stunda veiðar með botnvörpu á svæði í Héraðsflóa frá línu réttvísandi austnordaustur af Bjarneyjarvita að línu réttvísandi austnordaustur af Ósfles (65°37'8 N, 13°55'3 V) utan línu, sem dregin er í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 18. gr. laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986—1987 til þess að öðlast gildi 1. september 1986 og gildir til 31. desember 1986 og birtist öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. ágúst 1986.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

2. september 1986

Nr. 384

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Mánáreyjahrygg.

1. gr.

Frá og með 5. september 1986 eru allar togveiðar bannaðar á svæði sem afmarkast af línum sem dregnar eru um eftirgreinda punkta:

- a) 66°28'00 N og 17°22'00 V
- b) 66°40'30 N og 17°21'30 V
- c) 66°41'00 N og 17°14'00 V
- d) 66°32'40 N og 17°11'00 V

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Mál út af brotum skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. september 1986.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kjartan Júlíusson.

REGLUGERÐ

2. apríl 1986

um breytingu á reglugerð um vinnumiðlun nr. 129/1986.

1. gr.

Staflíður k) í 4. gr. orðist svo:

Húsavík

Tjörneshreppur

Reykjahreppur

Aðaldælahreppur

Reykðælahreppur

Bárðdælahreppur

Ljósavatnshreppur

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 18/1985 um vinnumiðlun, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 2. apríl 1986.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Óskar Hallgrímsson.

SAMÞYKKT

15. ágúst 1986

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 27. janúar 1930.

1. gr.

Við 46. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í Suðurhlíðum, þ. m. t. Suðurhlíð milli Bústaðavegar og Sléttuvegar, skal hámarks-
hraði vera 30 km á klst.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 13. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. ágúst 1986.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.